

Innan marka skipulagsins er einnig opið svæði meðfram Hlíðarbraut, með hljóðmön næst íbúðarlóðunum.

Deiliskipulagið var samþykkt í bæjarstjórn 7. maí 2002.

Akureyri, 18. júní 2002.

F.h. Akureyrarbæjar,

Bjarni Reykjalin, skipulags- og byggingarfulltrúi.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Smáratún 13, Bessastaðahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti hreppsnefnd Bessastaðahrepps þann 11. júní 2002 breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Smáratún 13 í Bessastaðahreppi frá deiliskipulagi Túnahverfis, dags. 10. júní 1996. Breytingin felst í stækkun byggingarreits á lóðinni.

Skipulagsuppráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Bessastaðahreppi, 12. júní 2002.

Gunnar Valur Gíslason sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og beingreiðslur til bænda verðlagsárið 2002-2003.

1. gr.

Heildargreiðslumark og greiðslumark lögbýla.

Heildargreiðslumark til framleiðslu mjólkur verðlagsárið 2002-2003 skal vera 106 milljónir lítra og skiptist í greiðslumark lögbýla. Greiðslumark lögbýla reiknast í lítrum mjólkur og skiptist hlutfallslega milli lögbýla á sama hátt og greiðslumark til framleiðslu mjólkur á verðlagsárinu 2001-2002.

2. gr.

Aðilaskipti að greiðslumarki.

Heimil eru aðilaskipti að greiðslumarki á milli lögbýla. Sé ábúandi lögbýlis annar en eigandi/eigendur þess þarf samþykki beggja/allra fyrir ráðstöfun greiðslumarks frá lögbýli. Leiguliða er heimilt að kaupa greiðslumark á lögbýli og skal það sérstaklega skráð á nafn hans. Leiguliða er heimilt að selja sérskráð greiðslumark án samþykkis jarðareiganda. Þó skal jarðareigandi eiga forkaupsrétt við ábúðarlok leiguliða á því markaðsverði sem síðast liggur fyrir. skv. könnun sem Bændasamtök Íslands annast. Aðilaskipti greiðslumarks skulu tilkynnt á þar til gerðum eyðublöðum sem Bændasamtök Íslands láta í té og liggja frammi